

Stjórnarfundur LEB 15. ágúst 2019 - Nr. 321

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Valgerður Sigurðardóttir, Dagbjört Höskuldsdóttir, Drífa Sigfúsdóttir, Ellert Schram og Ólafur Örn Ingólfsson.

Dagskrá:

Fundargerð síðasta fundar afgreidd.

1. Staðan í dag. Stefnt er að fundum einu sinni í mánuði. Þórunn sagði að rólegt hafi verið á skrifstofunni í sumar.
2. Ný nefnd og næstu skref. Leitað er að formanni, en starfshópurinn sem fjalla á um málefni aldraðra í framhaldi af starfshópnum sem skilaði álitum síðasta vetur, er að taka til starfa. Mikil þörf er að hraða því að nefndin/hópurinn taki til starfa, vegna fjárlagagerðar. Stjórnin öll hefur miklar áhyggjur af stöðu aldraðra og því skilningsleysi sem virðist ríkjandi, hjá þinginu og ekki síður hjá Verkalýðshreyfingunni. Rétt er að senda fyrirspurn til félagsmálanefndar Alþingi um hvað líði ályktun sem gerð var í þinglok varðandi gerðar athugunar um raunverulegan kostnað við að hætta skerðingu vegna launatekna aldraðra gagnvart Tryggingastofnun.
3. Fjármál LEB og framtíðarsýn. Fyrir liggur endurskoðuð fjárhagsáætlun. Breytingar hafa verið gerðar vegna breyttra vinnubragða við verkefnastyrki frá ráðuneytinu.
4. Nýjar nefndir eftir landsfund. Á næsta stjórnarfundum, í lok ágúst, þurfa að liggja fyrir tilnefningar í nefndir.
5. Heimasíðan og starfsmannamál. Hýsing heimasíðu er nú tryggð hjá Kaliber ehf. Fyrir liggur tilboð frá Atla Rúnari Halldórssyni og Viðari Eggertssyni varðandi umsjón með heimasíðunni og Facebook síðunni. Samþykkt að formaður, gjaldkeri og varaformaður gangi til samninga við Viðar Eggertsson. Miðað verði við að ráðningin verði til reynslu fram yfir næsta landsfund.
6. NOPO fundur í október í Finnlandi. Þetta eru samtök aldraðra á Norðurlöndum. Haldnir eru tveir fundir á ári, stjórnarfundur og svo lengri fundur og fræðsluráðstefna. Þetta samstarf hefur skilað okkur margs konar fræðslu og kynningu. Áhugi kom fram um að fá raunhæfan samanburð á stöðu aldraðra á Norðurlöndunum. Á fundinum í október fari Þórunn og Haukur. Haukur lagði til að ávallt fari karl og kona og að fleiri úr stjórn komi að þessu starfi.
7. Staðan hjá FEB í Reykjavík. Ellert sagði frá stöðunni varðandi byggingu húsanna við Árskóga 1 og 3. Hún er afar erfið og óvissan er mikil.
8. Málefni aldraðra á hjúkrunarheimilum og í heimahúsum. Mikið hefur verið rætt undanfarið um hvernig staðan er og hvort þessar sögur um aðbúnað og ummönnun á þessum stöðum sem ganga manna á milli séu réttar. Þórunn hefur beðið um viðtal hjá Landlækni um stöðuna og hvort hægt sé að gera úttekt á þjónustunni á hjúkrunarheimilunum og inn á heimilunum. Eitt aðalmálið er vöntun á starfsfólki. Mjög mikið vanmat er á því fjármagni sem þarf til að geta rekið þessar stofnanir eins og þörf er á.

9. Félagsblaðið í vor og árangur nýrra leiða. Dreifing blaðsins gekk mjög vel og athugandi hvort ekki ætti að ræða við Ernu Indriðadóttir um að taka aftur að sér ritstjórnina.
10. Samstarf við Menntamálaráðuneytið. Þórunn og Guðrún Ágústsdóttir hafa setið fundi með menntamálaráðherra um lestur með börnum. Var mjög vel tekið.
11. Velferðartækni, útgáfa bæklinga og næstu verkefni. Styrkur fékkst í málið sem er í góðri vinnslu og verður vonandi tilbúinn fyrir áramót.
12. Staða verkefna frá 2018. Sum eru í vinnslu, öðrum lokið.
13. I pad eða Android, næstu skref. Sú vinnsla er á lokastigum, þ.e að búa til bækling um Android.
14. Lýsa á Akureyri 6 -7 september. Þáttakendur frá LEB verða Haukur og Dagbjört en allir velkomnir að taka þátt.
15. Nóra og næstu skref. Er í vinnslu.
16. Hringbraut og næstu þættir þar –tilboð . Rétt að ræða við þá um kostnað og þáttöku.
17. Steina Matt og hennar myndir. Myndir af öldruðum. Þórunn sagði frá.
18. Önnur mál:
 - Drífa sagði frá hugmyndinni um aldursvæna háskólamenntun og vakti athygli á grein eftir Sigrún Júlíusdóttir og fl. Hvort ekki væri rétt fyrir LEB að vekja athygli á þessari menntun og taka til umræðu.
 - Þórunn sagði frá fundi sem verður í næstu viku um kostnaðarþáttöku ríkisins í tannlæknaþjónustu aldraðra og öryrkja og hún mun mæta á.
 - Einnig sagði Þórunn frá fyrirhuguðum fundi með ríkisendurskoðun um mat LEB á Tryggingarstofnun.
 - Haukur minnti á ályktun varðandi Nóra að athuga þyrfti um persónuverndarlögin, hvort þetta félagakerfi stæðust þau lög. Ræða þarf við lögfræðing hjá Perónuvernd um málið.
 - Haukur minntist líka á dagsetningu og staðsetningu næsta landsfundar. Taka þarf ákvörðun um það á næsta stjórnarfundum sem verður væntanlega í endaðan ágúst eða 29 ágúst.

Fundargerð verður send út –fleira ekki gert – fundi slitið.

Dagbjört Höskuldsdóttir, ritari.